

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á áfengislögum, nr. 75/1998, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar (RM, ÁI, MÁ, ÞrB, ÞSa).

1. Við 1. gr.
 - a. Í stað orðanna „aðrar viðskiptaorðsendingar“ og „eru bannaðar“ í 1. efnismgr. komi: önnur viðskiptaboð; og: eru bönnuð.
 - b. Í stað orðsins „viðskiptaorðsendingum“ í 1. og 3. efnismgr. komi: viðskiptaboðum.
 - c. Í stað orðsins „viðskiptaorðsendingu“ í 1. másl. 2. efnismgr. komi: viðskiptaboði.
 - d. 2. másl. 2. efnismgr. orðist svo: Til viðskiptaboða teljast auglýsingar, vöruinnsetning, kostun fjölmiðlaefnis og kostun í tengslum við samkomur eða atburði, svo og dulin viðskiptaboð sem er ætlað að þjóna auglýsingamarkmiðum og geta villt um fyrir neytanda að því er eðli þeirra varðar.
 - e. Í stað orðsins „viðskiptaorðsendinga“ í 3. efnismgr. komi: viðskiptaboða.
 - f. Í stað orðsins „viðskiptaorðsendingar“ í 1., 2. og 7. tölul. 4. efnismgr. komi: viðskiptaboð.
 - g. Í stað orðanna „flutningatækjum áfengisframleiðanda, vöruumbúðum“ í 4. tölul. 4. efnismgr. komi: vöruumbúðum áfengisframleiðanda.
 - h. Á eftir orðinu „ríkisins“ í 5. tölul. 4. efnismgr. komi: vefsíðu Fríhafnarinnar ehf. og vefsíðum skráðra áfengisinnflytjenda.
2. Við 2. gr.
 - a. Í stað orðanna „þann sem“ í 2. másl. 1. efnismgr. komi: þann einstakling eða lögaðila sem af ásetningi eða gáleysi.
 - b. Á eftir 2. másl. 1. efnismgr. komi nýr máslíður er orðist svo: Lögaðila má ákvarða sekt án tillits til þess hvort sök verður sönnuð á starfsmann lögaðilans.
 - c. Í stað orðanna „viðskiptaorðsendingar“, „hennar“ og „viðskiptaorðsendingunni“ í 2. efnismgr. komi: viðskiptaboða; þeirra; og: viðskiptaboðinu.
3. Á eftir 2. gr. komi ný grein er orðist svo:
Í stað orðanna „Brot gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim varða“ í 1. mgr. 27. gr. laganna kemur: Að undanskilinni 20. gr. varða brot gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim.
4. 3. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. október 2011.